



FEMÍNISTAFÉLAG ÍSLANDS er umræðu-
vettvangur og baráttutæki íslenskra
femínista. Félagið er frjálst og óháður
vettvangur sem hefur það að markmiði
að efla gagnrýna og femíníska umræðu á
öllum sviðum þjóðlífsins. Helstu markmið
félagsins eru:

Að vinna að jafnrétti kynjanna.

Að vinna gegn hverskonar birtingarmyndum kynjamisréttis. Þar
má nefna klámvæðinguna, ágengar og lítilsvirðandi auglýsingar, ofbeldi,
mansal og vændi.

Að uppræta staðalmyndir um hlutverk og eðli kvenna og karla.

Að bæta stöðu kvenna á vinnumarkaði, útrýma kynbundnum
launamun og auka hlut kvenna í stjórnun auðlinda og fjármagns.

Að styrkja þátttöku kvenna í opinberu lífi, fjölmiðlum og stjórn-
málum.

Að stuðla að samfélagi sem tekur mið af mismunandi hags-
munum og sjónarmiðum karla og kvenna svo sem í atvinnu- og mennta-
málum, stjórnámálum, menningu og á vettvangi einkalífsins.

Markmiðum þessum skal náð með lýðræðislegri, gagnrýnni og sýnilegri
umræðu á fundum, Netinu og í öðrum fjölmiðlum.



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN
LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Apríl 2013

Textagerð og hönnun sýningar: Kolbrún Anna Björnsdóttir,
meistaraneimi í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands.

FEMÍNISTAFÉLAG ÍSLANDS

10 ára



Stofnfundur Femínistafélags Íslands var haldinn þann 14. mars árið 2003 í húsi Miðbæjarskólans. Á framhaldsstofnfundi tveimur vikum síðar, þann 1. apríl, var félagið formlega stofnað og kosið var í ráð og hópar stofnaðir. Hver starfshópur hefur ákveðnar áherslur en með því móti snertir félagið á sem flestum flötum kynjamisréttis. Ráðskona hvers hóps situr í ráði (nokkurs konar stjórn) félagsins ásamt talskonu þess. Núverandi talskona er Steinunn Rögnvaldsdóttir.




Karlahópur og öryggisráð félagsins hófu forvarnarátak gegn nauðgunum um Verslunarmannahelgina 2003. Átakið bar yfirskriftina „Nauðgar vinur þinn?“ Þetta átak var grunnurinn að NEI - hreyfingunni sem hefur staðið fyrir ótal átökum og

uppákomum allar götur síðan. Þeirra á meðal má nefna herferðirnar „Karlmennt segja NEI við nauðgunum“, „10 ráð til að koma í veg fyrir nauðgun“ og „Ef þú fékkst ekki samþykki, ertu nauðgari“. Markmið hreyfingarinnar er að virkja karlmenn í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi.

Í kjölfarið á NEI - herferðunum verður farið af stað með átak þar sem áhersla verður lögð á nauðsyn þess að leita beri samþykkis. Þessi áherslubreyting er til komin vegna tilhneigingarinnar til að varpa ábyrgðinni af kynferðisbrotum á brotaþola. Það er því ekki nóg að hafa EKKI fengið NEI, heldur þarf JÁ enda er SAMÞYKKI SEXÝ.



Sumarið 2005 kom sú hugmynd upp innan ungliðahóps félagsins að búa til barmmerki sem væri tileinkað baráttunni gegn kynbundnum launamun. KRÓNA KONUNNAR var tilbúin í nóvember sama ár.




Þetta ár voru heildarlaun kvenna 65% af heildarlaunum karla og sýnir barmmerkið þennan launamun á táknrænan hátt. Alls voru búin til 30.000 merki og náðu þau strax miklum vinsældum.



Femínistafélagið er frjáls og óháður vettvangur sem hefur það að markmiði að efla gagnrýna og femíníska umræðu á öllum sviðum þjóðlífsins. Félagar reyna eftir fremsta megni að vera góðar femínískar fyrirmyndir og taka þátt í lýðræðislegri, gagnrýninni og opinberri umræðu um kynjamisrétti í öllum birtingarmyndum þess.

Þann 19. júní 2003 sameinuðust íslenskar kvannahreyfingar um átakið „Málum bæinn bleikan“ í tilefni afmælis kosningaréttar kvenna. Kvannahreyfingarar voru, auk Femínistafélags Íslands; Kvenréttindafélagið, Kvinnakirkjan, Bríet, Vera, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræði (RIKK) og Kvennasögusafnið.

Átakið hefur verið haldið á hverju ári síðan og eru allir hvattir til að sýna jafnréttisbaráttunni stuðning með því að gera eitthvað bleikt þennan dag.



málum og til umsagnar um lagafrumvörp eða regluverk.

Á tímalínunni má sjá nokkrar stiklur í sögu Femínistafélags Íslands, allt frá stofnun þess til dagsins í dag. Það er óhætt að segja að margt hafi gerst á 10 ára sögu félagsins enda hafa störf þess vakið athygli og umræður í samfélaginu. Femínistafélagið hefur áunnið sér þann sess að til þess er leitað um álit á ýmsum

